

## ÖRLÁNASTOFNANIR, FÁTÆKT OG KONUR

Sigurður Guðjónsson, aðjúnkt, Háskólinn á Akureyri

Hér verður leitast við að svara eftirfarandi spurningu. „Afhverju hafa örlánastofnanir (e. micro-finance institutions) aðeins náð takmörkuðum árangri í þeirri viðleitni sinni að draga úr fátækt?“ Hér er um að ræða rannsókn sem byggir á aðferðarfræði sem nefnist krítísk staða þekkingar (e. critical literature review). Fyrst er fjallað almennt um örlánastofnanir, þeim lýst í stórum dráttum og atvinnustarfsemi þeirra gerð skil. Þá er saga þeirra rakin og staða þeirra í samfélögum nútímans greind. Sérstaklega er vikið að tveimur aðalmarkmiðum þessara stofnana; annarsvegar að auðvelda fátæku fólki aðgengi að fjármagni og hinsvegar að skila hagnaði. Þegar ritrýndar greinar um stjórnunarhætti örlánastofnanna eru skoðaðar kemur í ljós að oft tekst örlánastofnunum ekki að bæta hag þeirra verst settu. Örlánastofnanir eru fyrst og fremst notaðar af konum en samt eru það sjaldnast konur sem stjórna þeim. Hinsvegar virðast þær fáu stofnanir sem stjórnað er af konum ná betri fjármálalegum árangri og ganga betur glíman við fátæktina. Þessi frumathugun á fyrirbyggjandi ritrýndum rannsóknum kallar á að fleiri rannsóknir verði gerðar er lúta að örlánastofnunum og áhrifum kvenna innan þeirra.